



## **281. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 11. júní 2019, kl. 15:00 á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Álfheiður Eymarsdóttir (AE) í forföllum Antons Kára Halldórssonar, Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS, Bárður Árnason frá Eflu og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

### **1. Kynningarmál**

Á fundinn mætti Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS, kynnti stöðu kynningaráætlunar fyrir Sorpstöð Suðurlands í tengslum við lífrænan úrgang og aðra umhverfisvernd. Leggja þarf áherslu á að aðildarsveitarfélögin taki virkan þátt í kynningarátakinu með framsetningu efnisins á sínum heimasíðum og öðrum miðlum sveitarfélögunum.

### **2. Greining á urðunarmöguleikum**

Bárður Árnason frá EFLU mætti á fundinn. Nokkrir möguleikar sem skoðaðir hafa verið teljast með of marga annmarka til að hægt sé að skoða þá frekar. Ákveðið að halda áfram vinnu við val á milli þriggja urðunarstaða sem eftir standa.

### **3. Orkugerðin**

Formaður sótti aðalfund Orkugerðarinnar nýlega. Viðsnúningur hefur orðið á rekstri og ágætar horfur á sölu afurða.

### **4. Fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga og sorpsamlaga á Suðvesturhorninu**

Fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga og sorpsamlaga á Suðvesturhorninu var haldinn í Mosfellsbæ í síðustu viku. Fundurinn var vel sóttur og mikil áhersla lögð á að sveitarfélög leiti sameiginlegra lausna í úrgangsmálum.

### **5. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi**

Stefán Gíslason fór yfir stöðu mála vegna vinnslu úrgangs og förgunar.

- Greining á urðarstöðum:  
Skilgreina þarf betur hvað á að urða á hugsanlegum urðunarstað þegar hann hefur verið valinn. Hverskonar úrgang og hvaðan. Búið er að fækka valkostum úr 8 niður í 3, eins og fram kemur í 2. lið þessarar fundargerðar.
- Framkvæmd á urðunarsamningum:  
Flutt hafa verið um 800 tonn til urðunar í Fíflholti. Um 500 tonn hafa farið í Stekkjarvík. Þetta magn rúmast innan þeirra samninga sem gerðir voru í vetur.

- Útflutningur til orkuvinnslu:  
Fyrsti farmur af útflutningi úrgangs til orkuvinnslu á að vera kominn til Hollands fyrir 1. júlí næstkomandi af hálfu Íslenska Gámafélagsins og stefnt að fullum afköstum í nóvember. ÍG telur möguleika á útflutningi allt að 50 þúsund tonna á þessu ári. Megnið er þó enn sent í Fíflholt. Gámaþjónstan er enn með útflutning í frekari skoðun en hefur ekki tekið skref í þá átt.
- Hræbrennsla:  
Brennsla umfram 500 tonn er sögð þurfa í umhverfismat. Mál eru því í biðstöðu en engin förgunarleið er tiltæk eftir 31. desember 2019.
- Jarðgerð:  
Búið er að malbika aðstöðu í Hrismýri við Selfoss. Staðið hefur á veitingu starfsleyfis, en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að Umhverfisstofnun eigi að veita leyfi sem einhversstaðar hefur verið veitt af heilbrigðiseftirliti.
- Áætlun um aðgerðir vegna endurskoðunar Svæðisáætlunar:  
Stefáni falið að vinna frumdrög að aðgerðaáætlun í samráði við stjórnarmenn.

## 6. Önnur mál

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 9. júlí næstkomandi á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 17:00